

VINNUMARKAÐURINN Á ÍSLANDI

Yfirlit, horfur og þjónusta Vinnumálastofnunar – desember 2025

Skráð atvinnuleysi í desember var 4,4%

Skráð atvinnuleysi í desember var 4,4% og jókst um 0,1% frá síðasta mánuði. Í desember 2024 var atvinnuleysið hins vegar 3,8%.

Að meðaltali voru 9.043 atvinnulausir í desember, 5.428 karlar og 3.616 konur. Meðalfjöldi atvinnulausra fjölgaði um 294 manns milli mánaða.

Atvinnuleysi var mest á Suðurnesjum í desember eða 8,9% og hækkaði úr 8,6% frá fyrri mánuði.

Minnst var atvinnuleysið á Norðurlandi vestra eða 1,6%.

Alls komu inn 104 ný störf sem auglýst voru í vinnumiðlun Vinnumálastofnunar í desember.


Atvinnulausir voru 9.592 í lok desember, 5.741 karl og 3.851 kona.

Í desember 2025 gaf Vinnumálastofnun út 226 atvinnuleyfi til erlendra ríkisborgara til að starfa hér á landi, þar af 191 á höfuðborgarsvæðinu.

Í desember voru 120 einstaklingar á ráðningarstyrk innan fyrirtækja eða stofnana og 2 einstaklingar voru á nýsköpunarstyrk.

Vinnumálastofnun spáir því að atvinnuleysi fari hækkanði í janúar og verði um 4,6-4,7%.

Þróun atvinnuleysis frá desember 2023 til desember 2025



Atvinnuástand eftir landshlutum


Atvinnuleysi jókst og fór úr 4,3% í 4,4% á landinu sem heild og minniháttar breytingar áttu sér stað á milli svæða.

Atvinnuleysi hækkaði mest á Norðurlandi eystra, fór úr 3,2% í 3,6% og á Austurlandi úr 2,6% í 3,0%. Atvinnuleysi lækkaði hvergi á landinu. Atvinnuleysi var 4,6% á landsbyggðinni í desember mánuði og 4,3% á höfuðborgarsvæðinu.

Atvinnuleysi var lægst á Norðurlandi vestra eða 1,6%.

Á meðfylgjandi mynd má sjá atvinnuleysi eftir landshlutum í nóvember og desember.


Atvinnuleysi eftir landshlutum



Atvinnuleysi karla var hærra en kvenna á landinu öllu í desember og á meirihluta svæða. Mestur var munurinn á atvinnuleysi á Norðurlandi eystra þar sem atvinnuleysi karla var 4,1% en atvinnuleysi kvenna 3,1%. Á Vesturlandi var því þó öfugt farið en þar mældist 3,8% atvinnuleysi meðal kvenna en 3,5% meðal karla.

Á meðfylgjandi mynd má sjá atvinnuleysi eftir kyni og landshlutum í desember.

Atvinnuleysi eftir kyni og landshlutum



Greining atvinnuleysis

Atvinnulausir í lok mánaðar

Atvinnulausir voru 9.592 í lok desember, 5.741 karl og 3.851 kona. Fjölgaði atvinnulausum körlum um 413 frá nóvemberlokum en atvinnulausum konum fjölgaði um 27.

Alls voru 2.546 atvinnuleitendur á aldrinum 18-29 ára án atvinnu í lok desember og fjölgaði um 56 frá lokum nóvember.


Alls höfðu 1.757 atvinnuleitendur verið án atvinnu í meira en 12 mánuði í lok desember. Í desember 2024 var fjöldi þeirra hins vegar 1.319 og nemur fjölgunin 438 á milli ára.

Þeir sem höfðu verið atvinnulausir í 6-12 mánuði voru 1.875 í desember síðastliðnum en voru 1.691 í desember 2024.

Atvinnugreinar

Atvinnulausum fjölgaði lítillega heilt yfir í desember en þróunin var misjöfn eftir atvinnugreinum. Mest var hún í byggingarstarfsemi þar sem atvinnulausum fjölgaði um 161 og í iðnaði þar sem fjölgaði um 65. Þá fjölgaði um 64 í verslun og vöruflutningum og um sama fjölda í þjónustustarfsemi. Á hinn bóginn fækkaði atvinnulausum í ferðaþjónustu um 166.

Atvinnulausir eftir atvinnugreinum




Atvinnulausir erlendir ríkisborgarar

Alls voru 5.738 erlendir atvinnuleitendur án atvinnu í lok desember og fjölgaði um 407 frá því í lok nóvember. Hlutfall erlendra ríkisborgara á atvinnuleysissskrá var tæp 60% í lok desember.


Vinnumálastofnun áætlað að atvinnuleysi meðal erlendra ríkisborgara hér á landi hafi verið 10,2% í desember samanborið við 2,4% hjá Íslendingum.

Erlendir ríkisborgarar á atvinnuleysissskrá, þróun síðustu 2 ár



Flestir atvinnuleitendur með erlendan ríkisborgararétt komu frá Póllandi eða 2.250 sem eru um 39% allra erlendra ríkisborgara á atvinnuleysissskrá. Því næst komu atvinnuleitendur frá Litáen, Úkraínu og Rúmeníu.

Fjöldi atvinnulausra erlendra ríkisborgara eftir þjóðerni í lok desember 2025




Atvinnuleyfi

Atvinnuleyfi

Í desember 2025 gaf Vinnumálastofnun út 226 atvinnuleyfi til erlendra ríkisborgara til að starfa hér á landi, þar af 191 á höfuðborgarsvæðinu. Af útgefnum leyfum voru 96 leyfi til nýrra erlendra ríkisborgara á íslenskum vinnumarkaði og 130 leyfi voru framlengd.

Flestir sem fengu útgefið atvinnuleyfi í desember, hvort sem það var nýtt eða framlengt, fengu leyfi vegna náms eða 62 leyfi. Þá voru gefin út 52 leyfi vegna sérfræðiþekkingar og 51 vegna fjölskyldusameininga. Þegar atvinnuleyfi eru skoðuð eftir starfsgreinum í desember voru flest leyfi gefin út vegna stjórnenda, sérfræðinga og sérmenntaðra eða 33%, 30% vegna þjónustustarfa og 12% vegna verkafólks. Um 24% voru í öðrum starfsgreinum.

Ný atvinnuleyfi eftir tegund í desember 2025




Atvinnuleit og vinnumiðlun

Flutningur atvinnuleysis- tryggingaréttinda milli Íslands og EES-ríkja

Atvinnuleitendur á Íslandi hafa þann möguleika að geta farið í atvinnuleit innan annars EES-ríkis, í allt að þrjá mánuði og halda atvinnuleysisbótum sínum, fái þeir útgefið svokallað U2 vottorð sem Vinnumálastofnun hefur umsýslu með. Í desember voru gefin út 235 vottorð til einstaklinga sem fóru í atvinnuleit til Evrópu. Flestir fóru í atvinnuleit til Póllands eða 154 einstaklingar, 17 fóru til Spánar, 11 til Litáen og 10 til Tékklands. Þá voru gefin út 43 vottorð til viðbótar til 16 annarra ríkja.

Útgefin U2 vottorð vegna atvinnuleitar í öðru
EES ríki, desember 2025




Vinnumiðlun

Auglýst störf í vinnumiðlun

Alls komu inn 104 ný störf sem auglýst voru í vinnumiðlun hjá Vinnumálastofnun í desember. Flest auglýstra starfa voru vegna ráðningarstyrkja eða 76 störf, önnur voru almenn störf eða Eures störf. Um það bil 58% starfanna voru á höfuðborgarsvæðinu, 18% á Suðurlandi og 15% á Suðurnesjum. Þá voru tæp 9% annars staðar á landinu.

Fjöldi auglýstra starfa eftir landshlutum í
desember 2025



Þátttaka í vinnumarkaðsúrræðum

Atvinnuleitendum stendur til boða að taka þátt í vinnumarkaðsaðgerðum og fara af skrá í allt að sex mánuði á ráðningu með styrk. Í desember voru 120 einstaklingar á ráðningarstyrk innan fyrirtækja eða stofnana og 2 einstaklingar voru á nýsköpunarstyrk. Flestir þátttakendur voru á höfuðborgarsvæðinu eða 85 einstaklingar.

Ítarlegri upplýsingar um atvinnuleysi og þróun þess má finna á vefsíðu okkar:

Mælaborðið sýnir atvinnuleysistölur út frá ýmsum þáttum 5 ár aftur í tímann, þar sem sjá má á myndrænan hátt samanburð eftir bakgrunni s.s. kyni, aldri og sveitarfélögum.